

Viðmiðunarreglur fyrir Vinnustofur

Vinnustofur eru hugsaðar sem hópkenntsla á praktískum nótum og gert ráð fyrir að þær ferðist á milli heilsugæslustöðva og að hver sérnámslæknir haldi eina vinnustofu að vetri á sinni heilsugæslustöð.

Hópurinn hittist á þriðjudagseftirmiðdegi kl. 12:30 samkvæmt dagskrá um fundi sérnámslækna. Gert er ráð fyrir að til staðar verði eitthvað til að borða fyrir hópinn (brauð og með því) og mælst til þess að stöðin bjóði hópnum en annars viðkomandi sérnámslæknir.

Vinnustofa á að vera „praktísk“ fræðsla þar sem sérnámslæknar velja efni í samráði við mentor og skipuleggja vinnustofuna sem a.m.k. tveggja tíma prógramm. Einnig er tækifærið notað og stöðin skoðuð og kynnt m.a. sérstaða hennar.

Sérnámslæknar sem ábyrgir eru fyrir vinnustofu ráðfæra sig við mentor eða aðra sérfræðinga á stöðinni sem geta komið að fræðslunni með viðkomandi sérnámslæknum.

Einnig er mögulegt, í samráði við mentor, að kalla til sérfræðinga utan úr bæ til að koma að fræðslunni með leiðbeiningum og sýnikennslu og/eða umræðum.

Sérnámslæknir sem er ábyrgur fyrir fræðslunni ber sjálfur ábyrgð á að matsblöð fyrir vinnustofu séu fyllt út og þeim komið í sérnámsmöppu.

Sérnámslæknir ber ábyrgð á að skrá mætingu og koma til Berglindar Karlsdóttur ritar sérnámsins (berglind.karlsdottir@heilsugaeslan.is)